

Fagráð í hrossarækt

101. fundur

Staður og stund: Zoom fundur, mánudaginn 13. desember 2021. Kl. 13.00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Mette Mannseth. Erlendur Árnason og Elsa Albertsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Stofnverndarsjóður
 - Framvinduskýrslur samþykktra verkefna desember 2020
 - Innsendar umsóknir vegna úthlutunar í desember 2021
3. Sýningaráætlun 2022
4. Tilnefning fagráðs til FEIF um fulltrúa ræktenda í ræktunarnefnd FEIF
5. Námskeið og símenntun fyrir kynbótadómara
6. Önnur mál.

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.

2. Stofnverndarsjóður

Framvinduskýrslur samþykktra verkefna desember 2020

Farið var yfir framvindu verkefna sem fengu samþykktan styrk úr Stofnverndarsjóði í desember 2020 og samþykkt að greiða út alla styrki.

Yfirlit yfir samþykktar styrksúmsóknir 2020:

1. Æviskeið – starfssaga Þorkels Bjarnasonar - Eiðfaxi ehf.
Samþykkt: 1.000.000 ISK
2. Faraldsfræðileg könnun á kynsjúkdómum hjá íslenskum hestum - Dr. Susanne Braun, Höskuldur Jensson og Guðríður Eva Þórarinsdóttir
Samþykkt: 2.000.000 ISK
3. Tíðni magasára í hrossum á Íslandi - Undína Ýr Þorgrímsdóttir, Nanna Luthersson, Patricia Harris og Tim Parkin
Samþykkt: 1.500.000 ISK
4. Endurgreiðsla sýningargjalda fyrir Litbrá frá Langhúsum - Þorlákur Sigurbjörnsson og Arnþrúður Heimisdóttir

Samþykkt: 22.984 ISK

5. HorseDay - MOM ehf
Samþykkt: 2.000.000 ISK

Innsendar umsóknir vegna úthlutunar í desember 2021

- a) Framvinda sníkudýrasýkinga í áður einangruðum hópi hrossa frá Botnum í Meðallandi.
Sótt um: 321.700 ISK
Hafnað
- b) HorseDay -Lok þróunar og leiðin á markað
Sótt um 4.000.000 ISK
Samþykkt: 2.000.000 ISK
- c) Fræðsluvefur Hrímnis (www.hrimnir.shop/community). Undirbúningur og handritsgerð fimm þátta um Knapamerki 1-5.
Sótt um: 500.000 ISK
Samþykkt: 500.000 ISK

3. Sýningaráætlun 2022

Farið var yfir drög að sýningaráætlun fyrir árið 2022 sem Elsa Albertsdóttir lagði fram og var hún samþykkt.

23-27. maí	Gaddstaðaflatar
30. maí til 3. júní	Sörlastaðir
30. maí til 3. júní	Gaddstaðaflatar
30. maí til 3. júní	Hólar
7. - 10. júní	Sörlastaðir
7. - 10. júní	Gaddstaðaflatar
7. - 10. júní	Hólar
7. - 10. júní	Víðidalur
13. - 16. júní	Sörlastaðir
13. - 16. júní	Gaddstaðaflatar
13. - 16. júní	Hólar
13. - 16. júní	Selfoss
3 - 7 júlí	Landsmót á Gaddstaðflötum
25 - 29. júlí	Selfoss
25 - 29. júlí	Hólar
25 - 29. júlí	Fljótsdalshérað
15. - 19. ágúst	Gaddstaðaflatar
15. - 19. ágúst	Sörlastaðir
15. - 19. ágúst	Hólar

4. Tilnefning fagraðs til FEIF um fulltrúa ræktenda í ræktunarnefnd FEIF

Á næstkomandi fundi FEIF í febrúar 2022 verður kosið m.a. um nefndarmann í ræktunarnefnd FEIF sem er fulltrúi ræktenda. Fagrað í hrossarækt tilnefnir Sylvíu Sigurbjörnsdóttur sem fulltrúa ræktenda fyrir þá kosningu.

Kynntar voru lauslega þær breytingartillögur sem bornar verða upp á næstkomandi FEIF fundi en þær snúa aðallega um nánari skilgreiningu á dómaskalans og samræmingu innan hans auk þess á skerpingu siðareglna fyrir þá sem koma að kynbótasýningum og kynbótasýningahaldi.

5. Námskeið og símenntun fyrir kynbótadómara

Farið var yfir það sem er á döfinni í símenntun og námskeiðum fyrir alþjóðlega kynbótadómara. Í vetur verið haldið áfram með æfingadóma fyrir alþjóðlega kynbótadómara m.a. til að stuðla enn frekari samræmingu vinnubragða. Stefnt er á að þrjár myndbandsyfirferðir kynbótadóma og fundi tengdum þeim í vetur og vor. Auk þess verðu haldið hefðbundið samræmingarnámskeið fyrir alþjóðlega kynbótadómara í mars á næsta ári á Íslandi og í tengslum við það verður boðið upp á nýdómaranámskeið.

6. Önnur mál

Umræða var um blóðmerahald og ályktun Félags hrossabænda til þess máls á nýafstöðnum fundi félagsins sem var seinni hluti aðalfund félagsins 11. desember síðastliðinn. Sú ályktun verður birt og send til ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála sem hefur skipað starfshóp til að fjalla um starfsemi er varðar blóðtöku úr fylfullum hryssum, regluverkið í kring um hana og eftirlit

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:20

Við pennann: Elsa Albertsdóttir